



Alþýðusamband Íslands

Nefndarálit og tillögur laga- og skipulagsnefndar á 43. þingi ASÍ 2018

Nefndinni stýrði Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands. Ritari og starfsmaður nefndarinnar, Magnús M. Norðdahl lögfræðingur ASÍ.

Nefndin kom saman kl. 14:00 þann 25.10 2018. Til umræðu var tillaga miðstjórnar um breytingar á lögum ASÍ og tvær tillögur ASÍ-UNG.

Tillaga miðstjórnar um breytingu á 41.gr. laga ASÍ

Nefndin var sammála um að mæla með því að tillaga miðstjórnar á þingskjali nr. 5 verði samþykkt óbreytt.

Tillaga ASÍ-UNG um greiðslu útlagskostnaðar og fyrir vinnuframlag

Efnislega fjallar tillagan um að formaður ASÍ-UNG fái greiðslur fyrir útlagðan kostnað og vinnuframlag vegna starfa sinna í þágu ASÍ-UNG og fyrir hreyfinguna. Í umræðum kom fram að brýnt væri að styðja vel við starfsemi ASÍ-UNG og að samþykkt þessarar tillögu yrði áfangi á þeirri leið og gæti auðveldað ASÍ-UNG að sinna hlutverki sínu af krafti.

Nefndin var sammála um að mæla með því að tillögunni sem er á þingskjali nr. 13 verði vísað miðstjórnar og launanefndar ASÍ til frekari útfærslu í samráði við ASÍ-UNG.

Tillaga ASÍ-UNG um atkvæðisrétt í miðstjórn

Í umræðum kom fram að brýnt væri að styðja vel við starfsemi ASÍ-UNG, líkt og fram kemur í niðurstöðum um tillögu á þingskjali nr. 13. Í því efni þurfi að tryggja að tillit sé tekið til hagsmuna og skoðana ungs fólks innan ASÍ og að atkvæðisréttur innan miðstjórnar kunni að vera þáttur í því án þess að nefndin taki formlega afstöðu í því efni.

Nefndin var sammála um að mæla með því að tillögunni sem er á þingskjali nr. 17 verði vísað til miðstjórnar til umfjöllunar og útfærslu eftir umræðu í Skipulags- og starfsháttanefnd sem hafi samráð við ASÍ-UNG í þeirri vinnu sinni.

Þannig staðfest,

Signý Jóhannesdóttir.